

desembermánaðar þessa árs skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1987.

Menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 1987.

F. h. r.

Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinnsson.

GJALDSKRÁ

10. janúar 1987

vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1987.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 3 600, fyrir árið 1987. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar 1987. Eindagi er 1. febrúar 1987.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 1 000 í fyrsta skipti, kr. 2 000 í annað skipti og kr. 3 000 í þriðja skipti og oftár.

3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. janúar 1987.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

23. janúar 1987

um breytingu á reglugerð um vinnumiðlun nr. 129/1986.

1. gr.

Við staflið b) í 4. gr. bætist:

Kolbeinsstaðahreppur

Eyjarhreppur

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 18/1985 um vinnumiðlun, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. janúar 1987.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.